



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis

Á fundi velferðarráðs þann 13. ágúst 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 11. ágúst 2026, um breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis:

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að breyta og einfalda gjaldskrá veitinga og fæðis fyrir árið 2026. Almennu verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækkir úr 1.915 kr. í 2.387 kr. Verð fyrir lífeyrisþega hækkir úr 1.100 kr. og 1.190 kr. í 1.900 kr. Lagt er til að gjald vegna aksturs heimsendra máltíða og fast fæði/matarmiðar verði lagt niður og innifalið í nýrri gjaldskrá. Eitt verð verði fyrir allar máltíðir óháð því hvar þeirra er neytt. Innifalið í heimsendum mat verði akstursgjald á sama hátt og framreiðslukostnaður í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðum er innifalinn í verði. Breytingin taki gildi 1. september 2026.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar og Vinstriðsins. Fulltrúi Miðflokksins sat hjá við afgreiðslu málsins. Tillögunni var vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti velferðarráðs styður þær breytingar sem lagðar eru til á rekstri matarþjónustu velferðarsviðs. Matarþjónusta er mikilvægur hluti þjónustu við eldra fólk og fatlað fólk og meginmarkmiðið hlýtur ávallt að vera að tryggja örugga, góða og hagkvæma þjónustu. Rekstur framleiðslueldhússins á Vitatorgi hefur um árabil verið þungur og farið verulega fram úr fjárheimildum. Jafnframt liggur fyrir að endurbætur á eldhúsinu myndu kosta að lágmarki 500 m.kr. án þess að leysa undirliggjandi rekstrarvanda. Við þær aðstæður er ekki forsvaranlegt að ráðast í svo umfangsmikla fjárfestingu þegar unnt er að tryggja þjónustuna með öðrum hætti. Með áframhaldandi kaupum á máltíðum frá sérhæfðum aðila og útboði á dreifingu þeirra er stefnt að öruggari, skilvirkari og hagkvæmari þjónustu. Samhliða er nauðsynlegt að bregðast við þeirri staðreynd að núverandi gjaldskrá hefur verið langt undir kostnaðarverði. Breytt og einfaldari gjaldskrá ásamt hagræðingu í rekstri miðar að því að koma matarþjónustunni á sjálfbærari rekstrargrundvöll til framtíðar.

Fulltrúi Samfylkingarinnar lagði fram svohljóðandi bókun:

Tillagan felur í sér tugprósenta hækkun á matarverði til skjólstæðinga velferðarþjónustunnar í borginni en í þeim hópi er fólk með lágar tekjur. Vel má rökstyðja að tilefni hafi verið til nokkurrar hækkunar þar sem verið hefur verið lægra í borginni en í flestum öðrum sveitarfélögum. En 43-72% hækkun á





hádegismat í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum er gríðarleg breyting og langt umfram allt meðalhóf í samfélagi þar sem verðbólga mælist 5,3%. Þá stingur í augu að almennt verð á hádegismat fyrir aðra en lífeyrisþega hækkar hlutfallslega mun minna eða um 24% en í þeim hópi eru einstaklingar á vinnumarkaði, sem geta verið með mun hærri ráðstöfunartekjur en almennir lífeyrisþegar. Hækkunir á gjaldskrá borgarinnar af þessari stærðargráðu eru líka alvarlegt innlegg í viðkvæma stöðu kjarasamninga á vinnumarkaði, þar sem borgaryfirvöld hétu því á sínum tíma að halda gjaldskrárhækkunum innan hóflegra marka á fjögurra ára samningstíma gildandi kjarasamninga sem eru í gildi til 2028. Framsókn sem nú er í meirihluta með Sjálfstæðisflokki og Viðreisn greiddi atkvæði 25. mars síðastliðinn í velferðarráði gegn tillögu um margfalt minni gjaldskrárhækkun matarþjónustu á þeim forsendum að hún ógnaði verðstöðugleika. Viðsnúningur þess flokks er þeim mun athyglisverðari nú.

Fulltrúi Vinstrisins lagði fram svohljóðandi bókun:

Mótatkvæði fulltrúa Vinstrisins snýr einna helst að gjaldskrárhækkun gagnvart þeim sem reiða sig á lífeyrisgreiðslur en þar er um verulega hækkun að ræða, allt að 800 krónur á máltíð. Ljóst er að kostnaður vegna máltíðarþjónustu hefur hækkað og nauðsynlegt er að finna leiðir til að mæta þeim kostnaði. Hér er þó um að ræða verulega hækkun fyrir þá sem eru með lágar tekjur. Hætta er á að þeir tekjulægstu dragi úr kaupum á máltíðum af fjárhagslegum ástæðum og að aðgengi að næringarríkum og reglulegum máltíðum skerðist með neikvæðum afleiðingum á heilsu og lífsgæði. Góð næring er ein af grunnforsendum heilsu og vellíðanar og tryggja þarf að allir Reykvíkingar hafi aðgang að næringarríkum máltíðum alla daga. Hætta er á því að þessi gjaldskrárbreyting vinni gegn því.

Fulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Dagskrárliðir 2-4 fela í sér heildarþakka um breytingar á þjónustu við eldra fólk. Velferðarráðsfulltrúi Miðflokksins er ekki sannfærður um ágæti þessara tillagna, þótt þær séu um sumt rökréttar. Sem dæmi er hækkun á gjaldskrá veitinga og fæðis til eldra fólks afar há, eða sem nemur tugum prósent. Einnig er óljóst, hvort það sé skynsamlegt, til lengri tíma, að hætta rekstri framleiðslueldhússins á Vitatorgi. Reykjavíkurborg ber skyldur gagnvart hagsmunum eldra fólks og þar skiptir matarþjónusta, bæði heimsendur matur og á félagsmiðstöðvar eldra fólks, töluverðu máli. Í ljósi þessara skyldna borgaryfirvalda er ekki víst að útvistun þjónustunnar sé æskileg, þegar málið er hugsað til langs tíma. Það liggur ekki fyrir að þessar breytingar hafi verið undirbúnar þannig að talsmenn notenda hafi fengið að tjá sig um þær, svo sem öldungaráð Reykjavíkurborgar. Með hliðsjón af þessum efasemdum, jafnvel þótt breytingarnar kunni að vera til bóta fyrir rekstur borgarinnar til skemmri tíma, situr fulltrúinn hjá í þessum matarþakka núverandi meirihluta borgarstjórnar.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu gjaldskrárbreytingarinnar í b-deild Stjórnartíðinda.



Reykjavík



Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis, lögð fram á fundi velferðarráðs 13.
ágúst 2026.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að breyta og einfalda gjaldskrá veitinga og fæðis fyrir árið 2026. Almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækki úr 1.915 kr. í 2.387 kr. Verð fyrir lífeyrisþega hækki úr 1.100 kr. og 1.190 kr. í 1.900 kr.

Lagt er til að gjald vegna aksturs heimsendra máltíða og fast fæði/matarmiðar verði lagt niður og innfalið í nýrri gjaldskrá. Eitt verð verði fyrir allar máltíðir óháð því hvar þeirra er neytt. Innfalið í heimsendum mat verði akstursgjald á sama hátt og framreiðslukostnaður í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðum er innfalinna í verði. Breytingin taki gildi 1. september 2026.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 25. mars 2026 var samþykkt tillaga um breytingu á gjaldskrá veitinga og fæðis. Þar var samþykkt að gjald fyrir heimsendan mat og hádegismat í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækkaði um 90 krónur úr 1.010 kr. í 1.100 kr. og stök máltíð um 100 krónur, úr 1.090 kr. í 1.190 kr. Akstursgjald pr. máltíð hækkaði úr 270 kr. í 325 kr. Almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækkaði um 160 krónur, úr 1.755 kr. í 1.915 kr. Gjaldskráin tók gildi 1. maí 2026.

Reykjavíkurborg hafði þann 2. febrúar 2026 lokað framleiðslueldhúsinu á Vitatorgi eftir að bakterían *Listeria monocytogenes* greindist við reglubundna sýnatöku og kom ofangreind hækkun til vegna aukins kostnaðar við kaup á máltíðum frá þriðja aðila. Nú þegar er ljóst að sú hækkun sem gerð var kemur ekki til móts við aukna fjárförf.

Velferðarráð samþykkti þann 4. mars 2026 og borgarráð þann 5. mars 2026 útboð á máltíðum sem áður voru framleiddar í framleiðsluhúsinu á Vitatorgi. Núverandi samningur gildir til 29. febrúar 2028 og heildarverð hans er 1.485.180.999 kr. með vsk. Reykjavíkurborg er með eitt lægsta gjaldið fyrir máltíðir meðal sveitarfélaga á Íslandi. Gjald pr. máltíð er lágt miðað við almennt verðlag á tilbúnum mat og núverandi gjaldskrá langt undir kostnaðarverði. Þegar rekstur í framleiðslueldhúsi á Vitatorgi hófst var gert ráð fyrir að fjárheimild myndi duga fyrir launa- og rekstrarkostnaði en að gjalddaga fyrir máltíðir myndi duga fyrir öllum hráefniskostnaði. Þróun á gjaldskrá vegna matar hefur þó ekki hækkað með miklum verðhækkunum sem hafa átt sér stað á síðustu árum.

Þörf er á að breyta og einfalda gjaldskrá veitinga og fæðis fyrir árið 2026. Almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækki úr 1.915 kr. í 2.387 sem er kostnaðarverð. Þessi breyting hefur ekki áþreifanleg áhrif á rekstur, en um er að ræða mjög fáar seldar máltíðir árlega. Verð fyrir hádegismat í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækki úr 1.100 kr. í 1.900 kr. Hádegismatur, stök máltíð hækki úr 1.190 kr. í 1.900 kr. Heimsendur matur hækki úr 1.100 kr.



í 1.900. Akstursgjald upp á 325 kr. verði felld niður en verði innifalið í heimsendum máltíðum, á sama hátt og framleiðslukostnaður í þjónustuþíðum og félagsmiðstöðum verði innifalið í verði. Greiðsluþáttaka velferðarsviðs verði þá í kringum 38%. Hækkun á hádegismat nemur 800 kr. Þar sem að akstursgjald er innifalið í nýju verði mun verð heimsendra máltíða hækka um 475 kr. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að akstursgjald mun falla niður.

Talið er að með þessari hækkun verði mögulegt að halda rekstri á Vitatorgi á árinu 2027 innan fjárheimilda. Þó þurfa að nást frekari hagræðingar í rekstri t.a.m. með úthýsingu á akstri og frekari skipulagsbreytingum varðandi mönnun við framleiðslu matar, en til stendur að færa það verkefni til félagsstarfsins líkt og í öðrum félagsmiðstöðvum. Á fyrstu átta mánuðum ársins 2026 hefur framleiðslueldhúsið þegar nánast nýtt alla 265 m.kr. fjárheimild sína og því liggur fyrir að mikill halli mun verða á rekstrinum við árslok 2026. Ljóst er að nauðsynlegt er að bregðast þarf strax við alvarlegri stöðu sem myndast hefur í rekstri matarþjónustunnar.

Sviðsmyndagreining

Rekstrarniðurstaða í þúsundum króna miðað við sviðsmyndir mismunandi söluverða máltíða. Rauðir dálkar eru þeir sem fara yfir fjárheimild.

Taflan hér að neðan sýnir núgildandi verð og áhrif þess á rekstrarniðurstöðu Vitatorgs. Í línunum fyrir neðan eru fimm mögulegar sviðsmyndir verðbreytinga. Líkt og neðsta línan segir er fjárheimild framleiðslueldhússins 265 m.kr. og engin af verðbreytingunum mun leiða til þess að hægt verði að ná rekstri innan fjárheimilda í lok árs 2026 miðað við útkomuspár. Á árinu 2027 eru aðeins verðin 1.900 kr. og 2.000 kr. (Sviðsmyndir 4 og 5) sem myndu ná rekstri innan fjárheimilda. Hlutfallið til hægri sýnir áætlaða greiðsluþátttöku velferðarsviðs fyrir hverja máltíð eftir sviðsmyndum á móti söluverði.

	Verð	2026	2027	2028	%
Núgildandi	1.100	558.376	517.176	520.668	64%
Sviðsmynd 1	1.600	513.168	367.226	360.754	47%
Sviðsmynd 2	1.700	502.969	333.836	325.271	44%
Sviðsmynd 3	1.800	492.771	300.446	289.788	41%
Sviðsmynd 4	1.900	482.572	267.056	254.305	38%
Sviðsmynd 5	2.000	477.397	233.666	218.822	34%
Fjárheimild		265.286	265.286	265.286	

Tekjur og gjöld í þ.kr. sundurliðuð eftir söluverði máltíða. Tekjur eru breytilegar eftir söluverði, gert er ráð fyrir sama rekstrarkostnaði, en gert er ráð fyrir að hann þróist eftir launa – og vísitölu eftir árum ásamt því að gert er ráð fyrir hækkandi verði á samningi skv. vísitölu og fjölgun keyþra máltíða. Rauðir dálkar tákna hér tekjur og er samtala gjalda og tekna rekstrarniðurstaða eftir hverri sviðsmynd.

		2026		2027		2028	
	Verð	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur	Gjöld	Tekjur
Núgildandi	1.100	900.677	(- 342.302)	904.966	(- 387.790)	931.979	(- 411.311)
Sviðsmynd 1	1.600	900.677	(- 387.510)	904.966	(- 537.740)	931.979	(- 571.226)
Sviðsmynd 2	1.700	900.677	(- 397.708)	904.966	(- 571.130)	931.979	(- 606.709)
Sviðsmynd 3	1.800	900.677	(- 407.907)	904.966	(- 604.520)	931.979	(- 642.191)
Sviðsmynd 4	1.900	900.677	(- 418.105)	904.966	(- 637.910)	931.979	(- 677.674)
Sviðsmynd 5	2.000	900.677	(- 423.281)	904.966	(- 671.300)	931.979	(- 713.157)



Fylgiskjal:

Ný gjaldskrá veitinga og fæðis 2026

1. grein

Veitingar og fæði

Verð kr.

Mjólkurglas	75
Kaffi og te	235
Gos, malt og pilsner	335
Kaffimeðlæti	325
Hádegismatur stök máltíð (lífeyrisþegar)	1.190
Hádegismatur —fast fæði/matarmiðar (ellilífeyrisþegar)	1.100 1.900
Hádegismatur – almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega	1.915 2.378
Heimsendur matur	1.100
Heimsending — akstursgjald pr.máltíð	325
Kvöldverður í þjónustuíbúðum	520
Morgunverður í þjónustuíbúðum	245



Gildistaka

- Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 20. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, sbr. 2. og 4. tl. 13. gr. sömu laga og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1.september 2026 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.